



María Guðmundsdóttir
Umhverfis- og Orkustofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Garðabær, 16. janúar 2026

Málsnúmer: 202512-0041

NA

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi á jarðhita í landi Breiðavaðs og Mýness í Múlapingi

Vísað er til erindis frá Umhverfis- og orkustofnun, dagsett 18. desember 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umsókn Hitaveitu Egilsstaða og Fella um nýtingarleyfi á jarðhita í landi Breiðavaðs og Mýness í Eiðapinghá.

Átak í jarðhitaleit í kringum aldamótin gaf til kynna mögulega tilvist jarðhitasvæðis í landi Breiðavaðs og Mýness. Við frekari rannsóknir árið 2022 var umtalsvert hitafrávik staðfest. Svæðið er hugsað fyrir mögulega nýtingu á jarðhita sem viðbót við vinnslusvæði hitaveitunnar við Urriðavatn. Rannsóknin er fyrirhuguð á fimm ára tímabili, eða til 31. des 2030. Gert er ráð fyrir að bora hitastigulsholur (um 100m djúpar) og tilraunavinnsluholu eða rannsóknarholur, allt að 600 m djúpar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér rannsóknir og rannsóknaráætlun í umsókninni.

Rannsóknasvæðið er yfirleitt mjög vel gróið, einkum mólendisgróðri en votlendi finnst einnig innan þess. Þá hefur land verið túngert og er sömuleiðis nýtt til skógræktar. Samkvæmt yfirlitskorti eru eldri borholur á mun stærra svæði, meðal annars í votlendi, en lítil ummerki eru sjáanleg um þær af loftmyndum að dæma.

Núverandi vegslóðar verða nýttir en bent er á að þá vantar inn á yfirlitskortið. Ef til þess kemur að það þurfi að styrkja núverandi slóða eða gera nýja slóða er mikilvægt að halda jarðraski í lágmarki, hlífa votlendi og viðkvæmum gróðri og vanda frágang.

Lítið er um æðplöntuskráningar frá svæðinu í gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar en vert er að nefna skráningu á tegundinni klumbustör (*Carex buxbaumii*) sem er tiltölulega nýfundin hér á landi og fellur í flokk DD á válista (vantar gögn). Er þetta eini þekkti fundarstaður tegundarinnar en hún fannst í votlendi skammt austan framkvæmdasvæðisins og er fundarstaðurinn kenndur við Breiðavað. Hér má því vera þörf á að gæta varúðar og því ef til vill æskilegt að kannað verði til hlítar hvort tegundina sé víðar að finna í votlendi innan rannsóknasvæðisins og næsta nágrenni þess.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við útgáfu rannsóknarleyfis vegna rannsókna, en stofnunin óskar eftir því að vera upplýst um staðsetningu rannsóknarborana þegar hún liggur fyrir. Þá gerir stofnunin ráð fyrir því að raski á umhverfi vegna rannsókna verði haldið í lágmarki og að frágangur þess verði til fyrirmyndar að rannsóknum loknum eins og nefnt er í umsókninni.



Virðingarfyllst,

Nína Aradóttir

Nína Aradóttir

Jarðfræðingur